

SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

Aðalfundur SÍP haldinn á Rannsóknarstofu í lyfja og eiturefnafræði, Haga, Hofsvallagötu 53, þann 28. maí 2019 kl 15:00.

Mættir: Elísabet Jóna Sólbergdóttir (EJS), Hallgrímur S. Hallgrímsson (HSH), Elín Ásgeirsdóttir (EÁ), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ)

Ritari: Guðrún Eva Jóhannsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:14

1. Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.
2. Elísabet lagði fram skýrslu stjórnar og stjórnin ræddi atriði sem þar koma fram, m.a.:
 - Elísabet sótti fund Eurachem.
 - Á vefsíðum Eurachem og Eurolab eru upplýsingar um námskeið og vinnustofur, ásamt gagnlegum bæklingum og leiðbeiningum. Rætt um hvernig best sé að koma upplýsingum um þetta til félagsmanna SÍP. Reynt er að uppfæra vefsíðu SÍP (<http://icelab.123.is>) nokkuð reglulega en ekki er vitað hvort félagar séu duglegir að nýta sér hana. Sum aðildarfélög Eurachem eru t.d. með virkar Facebook síður þar sem félagar geta skipst á ráðum og aðstoð. Ekki verður farið í að setja upp sambærilega síðu fyrir SÍP á Facebook að svo stöddu.
 - Rætt um námskeið í ÍST EN ISO/IEC 17025, tilboð um námskeið var mjög dýrt og því var hafnað.
3. Hallgrímur lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir.
4. Ákveðið að halda félagsgjöldum óbreyttum.
5. Hallgrímur er að hætta hjá Frumherja í september, ákveðið er að hafa stjórn óbreytta þangað til.
6. Elísabet bíður sig aftur fram sem formann og er kosin með öllum atkvæðum.
7. Jón Hreinsson (NMÍ) er kosinn skoðunarmaður reikninga.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Rætt um hugsanlega nýja meðlimi í SÍP (Alvogen/Alvotech?). Halda á áfram að reyna að skipuleggja námskeið í ÍST EN ISO/IEC 17025, Elísabet ætlar að ræða við Svein Ólafsson sem var hjá Staðlaráði en er nú sjálfstæður. Hallgrímur ætlar að senda út félagsgjöld. Ákveðið að halda næsta stjórnarfund síðustu vikuna í september.

Fundi slitið kl 16:20